

STARFSKJARASTEFNA FASTEIGNAFÉLAGSINS ÞÓRKÖTLU EHF.

1. gr. Almenn.

- 1.1 Fasteignafélagið Þórkötla ehf. („félagið“) starfar á grundvelli laga nr. 16/2024 um kaup á íbúðarhúsnæði í Grindavík („lög um húsnæðis kaup í Grindavík“ eða „lögin“) og laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög.
- 1.2 Tilgangur félagsins er að annast kaup, umsýslu og ráðstöfun íbúðarhúsnæðis innan þéttbýlisins í Grindavík, sem keyptar verða í samræmi við lög um húsnæðis kaup í Grindavík. Félaginu er í því skyni heimilt að kaupa, selja og leigja eignir ásamt því að undirgangast lán í samræmi við tilgang þess.
- 1.3 Stjórn félagsins hefur sett sér þessa starfskjarastefnu í samræmi við ákvæði laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög og ákvæði gr. 5.3 í eigendastefnu ríkisins fyrir öll félög í eigu ríkisins frá september 2021.

2. gr. Markmið.

- 2.1 Markmið starfskjarastefnu þessarar er að gera starf hjá félaginu að eftirsóknarverðum kosti fyrir hæft starfsfólk. Til að svo megi verða er nauðsynlegt að stjórn félagsins sé kleift að bjóða upp á samkeppnishæf laun í samræmi við það sem tíðkast hjá sambærilegum félögum án þess þó að vera leiðandi.

3. gr. Starfskjör stjórnarmanna.

- 3.1 Stjórnarmönnum skal greidd föst mánaðarleg þóknun í samræmi við ákvörðun aðalfundar ár hvert. Gerir stjórnin tillögu um þóknunina fyrir komandi starfsár og skal í þeim efnum taka mið af þeim tíma sem stjórnarmenn verja til starfans, þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir og þóknunum til stjórnarmanna sambærilegra félaga sem og taka mið af almennri launapróun.

4. gr. Starfskjör framkvæmdastjóra.

- 4.1 Stjórn ræður framkvæmdastjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við framkvæmdastjóra. Grunnlaun og aðrar greiðslur til hans skulu vera samkeppnishæfar og taka mið af hæfni, ábyrgð og umfangi starfsins.
- 4.2 Tilgreina skal önnur starfskjör í ráðningarsamningnum, svo sem greiðslur í lífeyrissjóð, orlof, hlunnindi, uppsagnarfrest og önnur kjör. Ekki verða greiddar árangurstengdar greiðslur til stjórnenda eða starfsfólks.
- 4.3 Við gerð ráðningarsamnings við framkvæmdastjóra skal haft að leiðarljósi að ekki komi til frekari greiðslna við starfslok en fram koma í ráðningarsamningi. Endurskoða skal grunnlaun framkvæmdastjóra árlega og skal við slíka endurskoðun höfð hliðsjón á frammistöðu framkvæmdastjóra og þróun launakjara í sambærilegum félögum.

5. gr. Aðrir starfsmenn.

- 5.1 Framkvæmdastjóri ræður aðra starfsmenn í samráði við stjórn. Við ákvörðun starfskjara annarra starfsmanna skulu þeir sem með kjör þeirra fara taka mið af þeim sjónarmiðum sem rakin eru í 4. gr. eftir því sem við á.
- 5.2 Starfsmenn félagsins skulu njóta samkeppnishæfra starfskjara sem endurspeglar

ábyrgð og frammistöðu í starfi. Greiða skal sambærileg laun fyrir sambærilega vinnu óháð kyni.

6. gr. Upplýsingagjöf


- 6.1 Upplýsa skal í ársreikningi um heildarfjárhæð greiddra launa á árinu auk heildarfjárhæðar annarra greiðslna til stjórnenda og starfsmanna.


7. gr. Samþykkt starfskjarastefna og fleira

- 7.1 Starfskjarastefna félagsins skal tekin til afgreiðslu á aðalfundi og skal hún tekin til endurskoðunar ár hvert og borin undir aðalfund til samþykktar eða synjunar.
- 7.2 Stjórn félagsins skal færa til bókar í fundargerðarbók veigamikil frávik frá starfskjarastefnunni og skulu þau frávik studd greinargóðum rökum. Gera skal grein fyrir frávikum á næsta aðalfundi félagsins.
- 7.3 Stjórn skal hafa eftirlit með framfylgd starfskjarastefnu. Skal stjórnin árlega yfirfara stefnuna og gera tillögur að breytingum ef ástæða þykir.

Þannig samþykkt á stjórnarfundum félagsins þann 21. ágúst 2024.

Í stjórn Fasteignafélagsins Þórkötlu ehf.


Óskar Józefsson, stjórnarformaður


Guðrún Þorleifsdóttir, meðstjórnandi


Hermann Hermannsson, meðstjórnandi